SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Forsætisráðuneytið
b.t. Helga Valbergs Jenssonar
Stjórnarráðshúsinu
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. desember 2025
Tilv.: 2512004

Efni: Umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 vegna tilgreindra dótturfélaga Landsbankans hf.

1. Samkeppniseftirlitið vísar til beiðni forsætisráðuneytisins, dags. 9. desember 2025, um umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 (hér eftir „upplýsingalögin“) vegna nánar tilgreindra dótturfélaga Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“). Með umsagnarbeiðni ráðuneytisins fylgdu afrit af bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins til forsætisráðuneytisins, dags. 22. júlí 2025 og bréfum Landsbankans hf. til fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 18. júlí 2025.

2. Varðar beiðnin tillögu fjármála- og efnahagsráðherra um að tilgreindum dótturfélögum Landsbankans verði veitt undanþága frá gildissviði upplýsingalaga. Hluti dótturfélaga Landsbankans hefur áður verið veitt undanþága og er það mat ráðuneytisins að starfsemi félaganna hafi ekki tekið breytingum sem gefi tilefni til að endurskoða forsendur undanþáganna, og þau rök sem þær byggi á eigi enn við. Einnig er um að ræða ný dótturfélög Landsbankans á tryggingarmarkaði, sem voru áður í einkaeigu. Um er að ræða eftirfarandi félög:

    - Blámi - fjárfestingarfélag ehf.
    - Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf.
    - Hömlur ehf.
    - Hömlur fyrirtæki ehf.
    - Landsbréf hf.
    - TM tryggingar hf.
    - TM líftryggingar hf.
    - Íslensk endurtrygging hf.

3. Líkt og fram kemur í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins hafa að mati ráðuneytisins ekki átt sér stað veigamiklar breytingar á starfsemi Landsbankans eða dótturfélaga sem gefi tilefni til að endurskoða forsendur undanþágunnar sem veitt var á sínum tíma. Einnig virðist að mati ráðuneytisins ljóst að sömu sjónarmið eigi við um TM og dótturfélög þess sem tilgreind séu í bréfi Landsbankans.

4. Í umsögnum Samkeppniseftirlitsins varðandi fyrri undanþágur umræddra félaga, dags. 12. desember 2016, 25. nóvember 2019 og 2. nóvember 2022, kom fram það mat eftirlitsins að rök stæðu til þess að veita umræddum félögum undanþágu frá upplýsingalögum enda væri starfsemi umræddra félaga að öllu eða mestu leyti í samkeppni við aðra einkaaðila á markaði.

5. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í gögnum þeim sem forsætisráðuneytið hefur látið Samkeppniseftirlitinu í té hefur ekkert breyst í starfsemi félaganna sem gefur tilefni til að endurskoða forsendur undanþáganna.

6. Samkvæmt upplýsingum í bréfi Landsbankans hf. um tilgang félaganna TM tryggingar hf., TM líftryggingar hf. og Íslensk endurtrygging hf. má sjá að um einkaréttarleg félög að ræða sem eru að öllu leyti í samkeppnisrekstri við önur félög í sams konar rekstri sem felur ekki í sér veitingu þjónustu sem talist getur til opinberrar þjónustu.

7. Í ljósi þess og með vísan til fyrri umsagna Samkeppniseftirlitsins telur Samkeppniseftirlitið að rök standi til þess að umrædd dótturfélög Landsbankans fái að njóta undanþágu frá upplýsingalögum skv. 2. mgr. 3. gr. laganna.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Sigrún Eyjólfsdóttir